

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða málefnum langveikra barna til hagsbóta. Engin breyting á skipulagsskránni tekur þó gildi nema fyrir liggi samþykki einfalds meirihluta stjórnarmanna.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans skiptast hlutfallslega miðað við rúmfjölda á milli barnadeilda sjúkrahúsa á Íslandi. Stjórn sjóðsins metur og sker úr um vafaatriði sem upp kunna að koma í þessu sambandi þar sem einfaldur meirihluti ræður niðurstöðu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. janúar 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

21. janúar 1997

Nr. 55

AUGLÝSING

**um skrá Sauðárkrókskaupstaðar skv. 6.-7. tölulið 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skrá yfir þá sem falla undir 6. tölulið 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Bæjarstjóri	1,0 staða
Bæjarritari	1,0 staða
Launafulltrúi	1,0 staða
Starfsmaður launadeild	0,5 staða

Skrá yfir þá sem falla undir 7. tölulið 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi	1,0 staða
Yfirverkstjóri Sauðárkrókskaupstaðar	1,0 staða
Vatnsveitu- og hitaveitustjóri	1,0 staða
Rafveitustjóri	1,0 staða
Hafnarvörður	1,0 staða
Félagsmálastjóri	1,0 staða

Sauðárkróki, 21. janúar 1997.

Elsa Jónsdóttir bæjarritari.